

76

20. maí

3. gr.  
Fjórði hluti árlegra vaxta innstæðunnar skal jafnan leggjast við höfuðstólinn, en þrem fjórðu hlutum ársvaxtanna má verja til þess að fegra Lystigarð Akureyrar, eftir því, sem stjórn lystigarðsins álitur best henta.

4. gr.

Stofnféð er nú í skuldabréfi bæjarsjóðs Akureyrar frá 1938. Þegar það skulda-  
bréf verður dregið út eða útborgað, skal andvirði þess, ásamt því, sem stofnsjóðnum  
kann að hafa áskotnast, ávaxtað í þeirri lánsstofnun, er stjórn lystigarðsins telur  
best fallna til þess að geyma innstæðu sjóðsins.

5. gr.

Stjórn Lystigarðs Akureyrar hefur ávallt á hendi stjórn sjóðsins og annast um  
að honum sé varið eftir fyrirmælum þessarar skipulagsskrár og semur árlega reikn-  
ing hans, er jafnan skal leggjast fyrir aðalfund félagsins til samþykkis.

6. gr.

Nú hættir stjórn Lystigarðs Akureyrar að starfa, þannig, að Lystigarður Akur-  
eyrar gengur undir umsjá og stjórn bæjarstjórnar Akureyrar, fylgir þá sjóðurinn  
garðinum. Að öðrum kosti ráðstafar lystigarðsstjórnin sjóðseigninni, ásamt öðrum  
eignum garðsins.

7. gr.

Þegar minningarsjóður þessi er orðinn að upphæð 10000 — tíu þúsund — krónur  
má verja vöxtunum öllum í þágu garðsins.

8. gr.

Að 100 árum liðnum frá dagsetningu þessarar skipulagsskrár, er stjórninni heim-  
ilt að breyta henni, þó því aðeins, að hún sé þá úrelt, og komi ekki lengur að til-  
ætlunum notum.

Akureyri, 31. júlí 1941.

Margrethe Elisa Schiöth  
f. Friis.

77

20. maí

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Njáls Jónatanssonar  
frá Reykjum í Fnjóskadal“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og  
kirkjumálaráðherra 20. maí 1942.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Njáls Jónatanssonar frá Reykjum í Fnjóskadal.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Njáli Jónatanssyni, vinnumanni á Reykjum í Fnjóska-  
dal, samkvæmt erfðaskrá, dags. 28. des. 1929.

2. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Njáls Jónatanssonar frá Reykjum í Fnjóskadal.

## 3. gr.

77

Stofnfé sjóðsins er kr. 3675.00 — þrjú þúsund sex hundruð og sjötíu og fimm krónur — í peningum í Söfnunarsjóði Íslands og skal ávaxta sjóðinn þar. 20. maí

## 4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Leggja skal  $\frac{1}{10}$  hluta vaxtanna við höfuðstólinn unz hann nemur 10 — tíu — þúsund krónum.  $\frac{1}{10}$  hlutum vaxtanna, og öllum eftir að höfuðstóllinn hefur náð 10 þúsund krónum, skal varið til að styrkja bóndann eða bændurnar á Reykjum í Fnjóskadal til hvers konar umbóta á nefndri jörð, þannig að styrkurinn má nema allt að  $\frac{2}{3}$  kostnaðarins við umbæturnar, ef nægilegt vaxtafé er fyrir hendi.

Þau árin, sem enginn styrkur er veittur, skal vaxtafé það, sem til útborgunar fellur, geymt á vöxtum, unz skilyrði eru fyrir hendi til styrkveitingar samkvæmt ofangreindum fyrirmælum.

## 5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn: hreppstjóri Hálshrepps, hreppsnefndaróddvitinn og trúnaðarmaður Búnaðarfélagss Íslands, eigi hann heima innan Hálshrepps, ella skal í hans stað kosinn, til 6 ára í senn, vel metinn bóndi innan hreppsins, sem gott skyn ber á framkvæmdir í jarðrækt.

## 6. gr.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á honum, annast reikningshald hans og ákveður hvað til úthlutunar kemur á ári hverju, með sérstöku tilliti til framkvæmda þeirra, sem í hvert sinn hafa verið gerðar á jörðinni.

## 7. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið.

## 8. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

## 9. gr.

Skipulagsskráin óskast birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

## REGLUGERÐ

78

28. maí

um veðmálastarfsemi í sambandi við kappróður Sjómannadagsins.

## 1. gr.

Veðfjárupphæðir greinast í: 2 kr., 5 kr., 10 kr. og 50 kr., sem greiðast veðmálastofunni gegn afhendingu veðmiða.

## 2. gr.

Veðjað er um það, hver bátur verður hlutskarpastur í hverjum róðrarflokki, svo og í úrslitaróðrum.

## 3. gr.

Veðfjárupphæðum skal skipt þannig:

- a. 80% skal skipt hlutfallslega á þá upphæð, sem veðjað hefur verið um á þann bát er vinnur.
- b. Að minnsta kosti 75% af hagnaðinum, sem verður af kappróðrinum, skal varið til eflingar sjóminjasafnsins í Reykjavík.